

# Fé skortir fyrir nám geðsjúkra

## Menntamálaráðherra hefur ekki staðið við orð sín í þessu máli segir framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Eftir Brján Jónasson  
brjann@mbLis

ÖLLUM kennurum Fjölmenntar sem séð hafa um nám fyrir fólk með geðraskanir og heilaskaða hefur verið sagt upp þar sem nægjanlegt fé fæst ekki til að halda náminu gangandi. Að óbreyttu verður námið skert verulega um áramót, þegar uppsagnirnar taka gildi, segir María Hildipórsdóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenntar.

Námið er samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar, og í dag starfa átta kennarar í um fjórum stöðugildum við að kenna rúmlega 80 nemendum, segir María. Námið fer fram í hús-næði sem Geðhjálpar hefur lagt til án endurgjalds, og er námið afar einstaklingsmiðað.

„Við erum jafnvel að tala um einstaklinga sem eru hvorki læsir né skrifandi, og allt upp í einstaklinga sem eru að ljúka háskólagráðu. Í þessu námi var strákur sem veiktist mjög mikið af geðsjúkdómi þegar hann átti til þess að gera fáar einingar eftir til að útskrifast sem jarðfræðingur úr háskólanum. Með tilkomu þessa náms var honum gert kleift að útskrifast og hann gerði það fyrir tveimur misserum,“ segir Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

### Ekki hluti af þjónustusamningi

Ríkið hefur gert þjónustusamning við Fjölmennt sem í felst að Fjölmennt sjái um menntunarmál fatlaðra, og nær sá samningur að

## Ekki fyrirhugaðar neinar breytingar segir ráðherra



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

„ÞETTA kemur mjög á óvart því það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á samkomulagi okkar og Fjölmenntar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Hún segist gera ráð fyrir að nám fyrir geðsjúka og heilaskaðaða haldist óbreytt.

„Við sömduð við Fjölmennt fyrir tveimur árum um að þeir fengju viðbótarfjármagn til að sinna þessu ferli og á því hefur engin breyting orðið,“ segir Þorgerður. Hún segir að allir hafi verið ánægðir með fyrirkomulagið fyrir árið 2006. Áfram verði varið 12 milljónum króna til verksins á ári. „Þeir voru auðvitað með mun hærri kröfur en menn sættust á þetta.“

Þorgerður hafnar því að hún hafi lofað Sveini Magnússyni upplýsingum við upphaf skólaárs, það sé vinnuregla að tjá sig ekki um fjárlög áður en þau séu gerð opinber.

### Í HNOTSKURN

» Kostnaður við að standa fyrir náminu eru 24 milljónir króna á ári samkvæmt áætlunum Fjölmenntar og myndi slík upphæð standa undir stöðum 13 kennara, sem gætu sinnt 100 nemendum. Um 130 umsóknir berast um skólavist á hverri önn.

» Námið er hluti af stærra verkefni sem á að tryggja að allir fatlaðir sem á þurfa að halda fái viðeigandi menntun og starfsendurhæfingu. Sá hluti verkefnisins sem snýr að geðsjúkum og heilasködduðum hefur verið starfræktur frá haustinu 2003.

mestu til fólks með þroskahömlun. Sérstakt verkefni var svo sett í gang árið 2003 sem tók til fólks með geðraskanir og fólks með heilaskaða.

Ríkið leggur 12 milljónir króna til verkefnisins á ári, en María segir að 24 milljónir þurfi til að hægt sé að sinna verkefninu. „Það er miklu meiri námsþörf en hægt er að sinna. Það þarf að endurskipuleggja þetta nám þar sem aðeins eru ætlaðar til þess 12 milljónir,“ segir María. „Við segjum kennurum upp með þeim fyrirvara að ef við fáum nægjanlegt fjármagn verði uppsagnirnar dregnar til baka.“

María segir að ekki sé hægt að tryggja nema

broti af þeim nemendum sem áhuga hafi nám ef fjárframlögin verði einungis 12 milljónir. Ef veita verði þjónustu fyrir þá upphæð sé ljóst að færri komist í námið en verið hefur. Ljóst sé að þeir sem sækja í þetta nám eigi ekki mikla möguleika til að mennta sig annars staðar.

Sveinn gagnrýnir menntamálaráðherra harðlega vegna málsins, og segir að hún hafi ekki staðið við orð sín varðandi námið. „Við höfum ekki fengið þá fjármagnsfyrirgreiðslu sem okkur hefur verið lofað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Menntamálaráðherra var falið af ríkisstjórninni í fyrra að ganga frá hlutunum þannig að þetta verkefni fengi að lifa. Þorgerður Katrín hefur því miður ekki gert það.“

### Lofað í votta viðurvist

Hann segir að eftir langa bið hafi tekist að fá fund með ráðherra í vor og þar hafi bæði hún og deildarstjórar í ráðuneytinu staðfest að þetta verkefni væri búið að sanna sig. „Þorgerður Katrín lofaði mér því í votta viðurvist að hún myndi láta mig vita að hverju yrði stefnt áður en skólastarf hæfst í haust, í byrjun september. Það er ekki nokkur leið að ná í hana,“ segir Sveinn, sem segist ekki hafa heyrt nokkuð í ráðherra frá því skólastarf hófst.

„Ef hún hefði góðar fréttir að færa yrði hún snögg að svara mér,“ segir Sveinn, sem hefur spurnir af því að nægilegt fé fæst ekki til að tryggja áframhaldandi kennslu í komandi fjárlögum.